

Nd. 440. Frumvarp til laga [207. mál]

um breyting á lögum nr. 50 12. febr. 1940, um lögreglumenn.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lögregluþjóna í kaupstöðum skipar bæjarstjórn eftir tillögum lögreglustjóra, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér er ekki um nýmæli að ræða. Ákvæði sama efnis eru í hinum ýmsu lögum um kaupstaðina, sem nú er verið að fella úr gildi í sambandi við setningu nýrra sveitarstjórnarlaga. Þar eð ákvæði það, sem hér um ræðir, á ekki heima í sveitarstjórnarlögum, en fellur hins vegar alveg inn í efni laga um lögreglumenn, þykir rétt að leggja til, að umrædd breyting á lögum um lögreglumenn verði lögfest, enda er nauðsyn á, að greind regla um lögreglumenn sé í gildi. Er því þetta frumvarp borið fram sérstaklega, þótt lögin um lögreglumenn séu í heild í endurskoðun.